



FLÓAHREPPUR

Starfsmannastefna

Október 2023




Inngangur

Flóahreppur hefur á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir mikilli þekkingu. Starfsfólkið er ein mikilvægasta auðlind sveitarfélagsins.

Starfsmannastefnunni er ætlað að stuðla að betra starfsumhverfi og styðja við eflingu mannauðs til að ná fram settum markmiðum.

Flóahreppur leggur áherslu á starfsánægju, góðan starfsanda og vellíðan starfsmanna. Lögð er áhersla á opin samskipti og skilvirka miðlun upplýsinga.

Starfsfólk sveitarfélagsins skal hafa gildi Flóahrepps í huga í störfum sínum fyrir sveitarfélagið:



Starfsfólk

- Starfsemi sveitarfélagsins byggir á því að fyllsta jafnræðis sé gætt milli allra kynja og að hver starfsmaður njóti sín á grundvelli eigin verðleika.
- Jafnréttis- og jafnræðissjónarmið eru fléttuð inn í alla starfsemi og við stefnumótun sveitarfélagsins. Hvers konar mismunun er ekki liðin svo sem vegna búsetu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.
- Samskipti milli starfsfólks einkennist af gagnkvæmri virðingu.
- Starfsfólk Flóahrepps kappkostar að vinna á grundvelli gilda, leiðarljóss og markmiða sveitarfélagsins. Starfsfólk miðlar upplýsingum sín á milli og styður við hvert annað við úrlausn verkefna.
- Starfsfólk Flóahrepps veitir góða og faglega þjónustu og innir hafa af hendi eins vel og samviskusamlega og kostur er. Heildræn sýn og jafnræði eru lögð til grundvallar í störfum sveitarfélagsins og þess er gætt að viðhalda góðu orðspori.
- Starfsfólk þekkir vel hlutverk og verkefni sveitarfélagsins og sinna vinnustaða og starfar á grundvelli þeirra og í samræmi við gildandi stefnur, lög og reglugerðir.



FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss

- Starfsfólk gætir þagmælku um atriði sem það fær vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Stjórnendur

- Stjórnendur skulu skapa svigrúm svo allt starfsfólk hafi kost á að eflast og ná aukinni færni í störfum sínum. Þeir haga stjórnun sinni á þann veg að starfsgleði og góðum starfsanda sé viðhaldið og efla eins og kostur er starfsánægju alls starfsfólks.
- Stjórnendur kappkosta að rækta sem best þann mannað sem í starfsfólk býr þannig að hvert þeirra fái notið hæfileika sinna og geti sinnt starfi sínu betur, sjálfum sér og starfseminni til heilla.
- Stjórnendur sýna gott fordæmi í öllum verkum sínum og virkja forystuhlutverk sitt til jákvæðrar þróunar vinnustaðarins. Þeir ástunda reglulega endurgjöf og hvatningu og leitast þannig við að efla og styrkja hæfileika alls starfsfólks.
- Stjórnendur skulu gefa starfsmönnum kost á starfsmannasamtali a.m.k einu sinni á ári með næsta yfirmanni.

Starfsumhverfi

- Flóahreppur leggur áherslu á að móta hvetjandi starfsumhverfi sem stuðlar að ánægju og vellíðan starfsfólks og fullnægir kröfum um vinnuvernd.
- Flóahreppur leggur áherslu á forvarnir og jákvæð viðbrögð í tenglum við heilsu og líðan starfsfólks og vinnur í anda heilsueflandi samfélags.
- Flóahreppur leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður og að gefa starfsmönnum kost á á fræðslu og endurmenntun til að auka hæfni og tryggja hámarks árangur í starfi. Hver starfsmaður er ábyrgur fyrir því að viðhalda og auka eigin þekkingu og fylgjast vel með því sem í boði er hverju sinni.
- Flóahreppur leggur áherslu á að framfylgja lögum og reglum um jafnrétti kynjanna og taka tillit til fjölskylduábyrgðar starfsmanna þ.e. jafnvægis milli einkalífs og vinnu. Slíkur sveigjanleiki byggist á virðingu hver fyrir öðrum, samstarfi og trúnaði milli yfirmanns og undirmanns.
- Flóahreppur leggur áherslu á að tryggja starfsfólk jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf með framfylgd á jafnlaunastefnu og að ná markmiðum til að viðhalda jafnlaunavottun.
- Stefnur sveitarfélagsins og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni er virk og aðgengileg fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins.

Sambykkt á 287. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 3. október 2023



Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri